

## Leið C: Stuðningur vegna rannsóknamissera innanlands

Að tillögu fjármálanefndar samþykkti háskólaráð á fundi sínum 12. janúar 2017 eftirfarandi er varðar fjárstuðning vegna dvalar erlendis í rannsóknamisserum akademískra starfsmanna:

1. Leið A sem miðast við eina lengri dvöl:
  - a. 12 mánaða rannsóknamisseri, hámark 11.100 SDR
  - b. 6 mánaða rannsóknamisseri, hámark 8.300 SDR
2. Leið B sem miðast við fleiri styttri ferðir hvort sem er í 6 eða 12 mánaða rannsóknamisseri: hámark 4.500 SDR samanlagt.

Við greiðslu dagpeninga er farið eftir reglum um þjálfunardagpeninga skv. reglum stjórnvalda hverju sinni.

Til viðbótar við ofangreint er lögð til Leið C sem tekur til mögulegs stuðnings til þeirra er kjósa að nýta sér aðstöðu HÍ innanlands, t.d. að Laugarvatni, eða rannsóknir viðkomandi kalla á dvöl utan höfuðborgarsvæðisins:

3. Leið C (hvort sem um ræðir 6 eða 12 mánaða rannsóknamisseri):
  - a. Hámarksupphæð er 400.000 kr.,
  - b. hámark greiðslu ferðakostnaðar innanlands er 50.000 kr.,
  - c. greiddir eru fæðisdagpeningar,
  - d. gistikostnaður er greiddur skv. nótu(m)

Með þessu er talið að verið sé að stíga varfærið en mikilvægt skref í að styðja við rannsóknir innanlands. Í ljósi reynslu komandi ára verði lagðar til breytingar eftir þörfum og aðstæðum.

Nóvember 2020

Guðmundur R. Jónsson  
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir  
Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir

## Aðstaða hérlendis í rannsóknamissurum

Undanfarin ár hefur Háskóli Íslands haft í sínum vegum afbragðsgóða aðstöðu til fjölbreyttrar notkunar á Laugarvatni, með eða án gistingar. Aðstaðan á Laugarvatni býður m.a. upp á eftirfarandi möguleika:

- Vettvangsferðir þar sem er t.d. hægt að nýta félagslegt umhverfi, fjölbreytt lífríki og fallega náttúru.
- Ýmsar kynnisferðir, t.d. til að kynna nám eða áhersluverkefni í stjórnsýslu eða innan deilda og námsleiða.
- Fjölbreytta fundi þar sem markmiðið er t.d. að hrista saman hópa og nýta aðstöðu til að hverfa um stund frá daglegu amstri og njóta ýmiss konar þjónustu á staðnum.
- Námsferðir þar sem t.d. er hægt að vinna með afmörkuð hópverkefni og nemendaverkefni.
- Ráðstefnur, t.d. starfsmanna-, kennara- eða nemendaráðstefnur þar sem hægt er kynna verkefni eða rannsóknir.

Húsakynni Háskólans eru við Lindarbraut á Laugarvatni, þar sem kennsla og heimavist í íþrótt- og heilsufræði var áður. Hægt er að leigja kennslustofur og önnur rými og gilda þar sömu reglur og [verðskrá og um sams konar rými annars staðar innan Háskóla Íslands](#). Verði fyrir gistingu í uppabúnum herbergjum á staðnum (gestir þurfa að búa um sjálfir) er mjög í hófi stillt. Um er að ræða 30 tveggja manna herbergi.

Í húsakynnunum er enn fremur eldhús sem gestir geta nýtt til matseldar en á Laugarvatni er jafnframt að finna nokkra veitingastaði sem taka á móti stórum hópum. Nánari upplýsingar um aðstöðuna veitir Laufey Sigurðardóttir, rekstrarstjóri við framkvæmda- og tæknisvið Háskóla Íslands, í gegnum [ls@hi.is](mailto:ls@hi.is) og hún tekur jafnframt við bókunum.

Fyrir kennara í rannsóknamissurum er hér kjörin aðstaða til lengri eða skemmri dvalar til að fá meira næði til að sinna rannsóknum en að jafnaði gefst í eigin hefðbundinni vinnuaðstöðu.

### Önnur aðstaða

Auk þess má benda á að rannsóknarsetur háskólans eru á átta stöðum á landinu (sjá <https://rannsoknasetur.hi.is/>) og geta rannsakendur sett sig í samband við forstöðumenn varðandi möguleika á vinnuaðstöðu og/eða samstarfi. Sjá einnig meðfylgjandi yfirlitsskjal

Rithöfundasamband Íslands heldur [skrá](#) yfir íbúðir fyrir rithöfunda og fræðimenn